

320. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 3. OG
FÖSTUDAGINN 4. DESEMBER 2020 KL 9:30

haldinn í gegnum fjarfundabúnað, *Zoom*

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Verklag við gerð fjárhagsáætlunar
 - b) Verklag við úthlutun úr sjóðum -úthlutunarnefnd
 - c) Kolefnisfótspor kirkjulegrar starfsemi
 - d) Hellir í landi Stakkavíkur
 - e) Flugstöð í Holti, Önundarfirði
 - f) Heildstæð eignastefna
 - g) Erindi Borgarnessóknar
- 3) Fýsileikakönnun á sjóböðum í Holti, Önundarfirði
- 4) Kirkjuþing 2020-2021
- 5) Tengingar í Skálholtsskóla
- 6) Fiskiteljari í Breiðdalsá í Breiðdalsvík
- 7) Reiðvegur í gegnum land Möðruvalla
- 8) Starfsreglur um vígslubiskupa
- 9) Erindisbréf forstöðumanns fjölskylduþjónustunnar
- 10) Starfsreglur um fjölskylduþjónustuna
- 11) Önnur mál
 - a) Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, varamaður
 - b) Tjaldsvæði í landi Skinnastaða
 - c) Drög að starfsáætlun næsta almanaksárs
 - d) Sameining sókna
 - e) Stefnumótun þjóðkirkjunnar

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn.

Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir sr. Arna Grétarsdóttir, sr. Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri biskupsstofu og sr. Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings sat fundinn undir lið 3. Sr. Gísli Jónasson, formaður úthlutunarnefndar, sat fundinn undir lið 2b. Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu, sat fundinn undir lið 2a.

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundabúnað, *Zoom*.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Verklag við gerð fjárhagsáætlunar

Rætt var um verklag við gerð fjárhagsáætlunar. Fjármálastjóri kynnti hugmyndir sínar að vinnureglu við gerð fjárhagsáætlunar og lagði fram drög að skráðu verklagi.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi að rýna drög verklagsins.

b) Verklag við úthlutun úr sjóðum

Formaður úthlutunarnefndar mætti á fundinn og kynnti stöðu mála varðandi yfirferð umsókna í jöfnunarsjóð sókna. Rætt var um verklag við úthlutun úr sjóðum.

c) Kolefnisfótspor kirkjulegrar starfsemi

Lagt var fram erindi umhverfishóps þjóðkirkjunnar, dags. 24. nóvember sl. um tilfærslu fjármuna svo hægt sé að framkvæma kolefnismælingu. Markmiðið er að fá hugmynd um kolefnisfótspor kirkjulegrar starfsemi, en um væri að ræða skref í átt að því að kirkjan taki upp grænt bókhald.

Kirkjuráð samþykkti erindið.

d) Hellir í landi Stakkavíkur

Lagt var fram erindi Umhverfisstofnunar, dags. 26. nóvember 2020, um verndaraðgerðir fyrir hraunhella.

Kirkjuráð samþykkti erindið.

e) Flugstöð í Holti, Önundarfirði

Lagt fram gagntilboð í flugstöðina, dags. 18. nóvember 2020.

Kirkjuráð samþykkti tilboðið.

f) *Heildstæð eignastefna*

Nefndarmaður um heildstæða eignastefnu og kirkjuráðsmaður, Svana Helen Björnsdóttir, kynnti þá vinnu sem unnin hefur verið varðandi heildstæða eignastefnu kirkjunnar og lagði fram drög að eignastefnu. Nefndin mun vinna málið áfram.

g) *Erindi Borgarnessóknar*

Lagt fram erindi Borgarnessóknar, dags. 30. nóvember 2020.

Kirkjuráð samþykkti að hafna erindinu, þar sem kirkjuráð er almennt séð ekki að styrkja svona einstaka verkefni.

3. FÝSILEIKAKÖNNUN Á SJÓBÖÐUM Í HOLTÍ, ÖNUNDAFIRÐI

Lagt var fram erindi, dags. 5. nóvember 2020.

Kirkjuráð samþykkti að fýsileikakönnun fari fram og óskar þess að kirkjuráð verði upplýst um niðurstöður úttektar jafnóðum.

4. KIRKJUÞING 2020

Sjöundi fundur kirkjuþings 2021-2021 var haldinn laugardaginn 7. nóvember sl.

a) *Mál sem afgreidd voru á kirkjuþingi 2020-2021 í nóvember 2020.*

2. mál. *Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.*

Ályktun kirkjuþings:

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkir endurskoðaða eftirfarandi ársreikninga:

Ársreikning Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2018.

Ársreikning Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2018.

Ársreikning þjóðkirkjunnar fyrir árið 2019.

Ársreikning Kristnisjóðs fyrir árið 2019.

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sókna fyrir árið 2019.

Enn fremur samþykkir kirkjuþing 2020-2021 fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu fyrir árið 2021.

10. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 (Hvanneyri/Reykholt).*

Hvanneyrar- og Reykholtsprestaköll, Vesturlandsprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Reykholtsprestakall.

Auglýsing um breytinguna var send Stjórnartíðindum 11. nóvember sl., birtist í B-deild 26. nóvember og tóku gildi 27. nóvember sl. Starfsreglurnar hafa verið uppfærðar á vefnum kirkjan.is.

14. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar, nr. 950/2009, með síðari breytingum.*

Með breytingunni er aukin ábyrgð kirkjuþings á fjármálum undirstrikuð. Áskilið er að kirkjuþing ákveði hvaða fasteignir Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu skulu seldar og hvort Þjóðkirkjan-Biskupsstofa skuli kaupa fasteign eða ráðast í nýbyggingu. Sé ekki ákveðið annað framfylgi kirkjuráð ákvörðun kirkjuþings. Einnig er sett í starfsreglur að presti beri skylda til að skila prestsetri sínu til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, eigi síðar en við starfslok, nema um annað semjist.

Auglýsing um sameininguna var send Stjórnartíðindum 20. nóvember sl., mun birtast í B-deild 4. desember og mun taka gildi 5. desember nk. Starfsreglurnar verða í framhaldinu uppfærðar á vefnum kirkjan.is.

23. mál. *Þingsályktun um verkáætlun vegna umhirðu jarða þjóðkirkjunnar.*

Málið fjallar um verkáætlun fyrir umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031. Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi í septembermánuði síðastliðnum en samþykkt var tillaga um að kirkjuráði yrði falið að vinna betur kostnaðaráætlun og samræma fasteignastefnu þjóðkirkjunnar. Þetta mál er framhald 22. máls kirkjuþings 2019 þar sem kirkjuþing samþykkti þingsályktun um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum vegna endurheimtar votlendis og skógræktar.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela umhverfishópi að vinna málið áfram.

36. mál. *Þingsályktun um brottfall ýmissa laga og réttarreglna er varða málefni þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing 2020-2021 beinir þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að felld verði á brott úr lagasafninu tiltekin lög, tilskipanir, forordning, bréf kansellíisins, kounsbréf til biskupanna, erindisbréf handa biskupum og prestastefnusamþykkt, við meðferð frumvarps til nýrra þjóðkirkjulaga á Alþingi.

37. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (sameining sókna).*

Gilsbakka- og Reykholtssóknir í Reykholtsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Reykholtssókn.

Dagverðarness- og Staðarfellssóknir í Dalaprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Staðarfellssókn.

Auglýsing um breytingarnar var send Stjórnartíðindum 11. nóvember sl., birtist í B-deild 26. nóvember og öðluðust gildi 30. nóvember. Starfsreglurnar hafa verið uppfærðar á vefnum kirkjan.is.

38. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019.*

Breytingin felur í sér að biskup Íslands ákveður nú þóknun fyrir teymið en ekki þóknananefnd kirkjunnar. Þá eru felld niður ákvæði sem tilgreina að kostnaður greiðist úr kirkjumálasjóði þar sem allur kostnaður greiðist nú frá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu, enda hefur kirkjumálasjóður verið lagður niður.

Auglýsing um breytinguna var send Stjórnartíðindum 12. nóvember sl., birtist í B-deild 27. nóvember og öðlaðist gildi 28. nóvember. Starfsreglurnar hafa verið uppfærðar á vefnum kirkjan.is.

39. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prófasteina nr. 966/2006, með síðari breytingum.*

Breytingin felur í sér að prófastur geri ekki lengur árleg reikningsskil til Ríkisendurskoðunar vegna gjafa- og líknarsjóða í prófastsdæmi heldur til kjörinna endurskoðenda. Breytingin er þörf m.t.t. viðbótarsamnings íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 6. september 2019 þar sem m.a. segir í 3. gr. að þjóðkirkjan hafi sjálfstæðan fjárhag og beri fulla ábyrgð á eigin fjármálum frá 1. janúar 2020. Endurskoðun reikninga er því ríkinu óviðkomandi frá því tímamarki.

Auglýsing um breytinguna var send Stjórnartíðindum 12. nóvember sl., birtist í B-deild 27. nóvember og öðlaðist gildi 28. nóvember. Starfsreglurnar hafa verið uppfærðar á vefnum kirkjan.is.

5. TENGINGAR Í SKÁLHOLTSSKÓLA

Lagt fram erindi framkvæmdastjóra Skálholts, dags. 13. nóvember 2020, varðandi ljósleiðaratengingar í Skálholtsskóla.

- Kirkjuráð samþykkti að hafna erindinu, vegna þess að um er að ræða innra net hússins.

6. FISKITELJARI Í BREIÐDALSA Í BREIÐDALSVÍK

Lagt fram erindi Eflu, f.h. Hafrannsóknarstofnunar, um samþykki fyrir fiskiteljara í Breiðdalsá í Breiðdalsvík. Ábúandi jarðarinnar hefur samþykkt framkvæmdina fyrir sitt leyti.

- Kirkjuráð samþykkti erindið.

7. REIÐVEGUR Í GEGNUM LAND MÖÐRUVALLA

Lagt fram erindi sveitarstjóra Hörgársveitar, um uppbyggingu reiðvegur í gegnum land Möðruvalla.

- Kirkjuráð samþykkti að fela séra Oddi Bjarna Þorkelssyni og Stefáni Magnússyni, kirkjuráðsmanni að vera fulltrúar kirkjuráðs varðandi þessa tilteknu framkvæmd.

8. STARFSREGLUR UM VÍGSLUBISKUPA

Rætt var um starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006.

- Kirkjuráð samþykkti að beina því til lagahóps kirkjuráðs að yfirfara starfsreglurnar og koma með úrbótatillögur ef við á.

9. ERINDISBRÉF FORSTÖÐUMANNS FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTUNNAR

Lögð voru fram drög að erindisbréfi forstöðumanns Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

- Kirkjuráð samþykkti drögin.

10. STARFSREGLUR UM FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTUNA

Lagt var fram bréf lagahóps vegna beiðni um endurskoðun starfsreglna um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Kirkjuráð samþykkti á 317. fundi sínum, 1. október sl. að fela lagahópnum endurskoðun starfsreglnanna vegna ályktunar kirkjuþings 2020 um að farið yrði yfir þær. Lagahópur telur ekki lengur þörf á endurskoðun reglnanna þar sem prestur hefur verið ráðinn í starf forstöðumanns Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, eins og starfsreglurnar gera ráð fyrir.

- Kirkjuráð samþykkti tillögur lagahóps að ekki eru ástæður til breytinga á starfsreglunum að öðru leyti en því að ekki er þörf á að forstöðumanni sé sett erindisbréf.

11. ÖNNUR MÁL

a) Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar

Á kirkjuþingi 2020, 7. nóvember sl. var Steinunn Jóhannesdóttir, rithöfundur kosinn varamaður í yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar.

- Kirkjuráð samþykkti að skipa Steinunni Jóhannesdóttur sem varamann yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar.

b) Tjaldsvæði í landi Skinnastaðar

Lagt fram erindi verkefnastjóra Stjórnsýsluhúss Norðurþings, dags. 30. nóvember 2020, varðandi tjaldsvæði í landi Skinnastaðar.

- Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu í lagahóp kirkjuráðs, til nánari skoðunar.

c) Drög að starfsáætlun næsta almanaksárs

Lögð fram drög að starfsáætlun kirkjuráðs fyrir árið 2021.

- Kirkjuráð samþykkti starfsáætlunina.

d) Sameining sókna

Stefán Magnússon, kirkjuráðsmaður, ræddi um sameiningu sókna. Mikilvægt að koma þeim málum í almenna umræðu.

e) Stefnumótun þjóðkirkjunnar

Arna Grétarsdóttir, kirkjuráðsmaður, ásamt framkvæmdastjóra, kynntu hugmyndir að næstu skrefum varðandi stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna til framtíðar. Fyrsti fundur nefndar sem um málið fjallar fór fram í vikunni.

Fundi frestað kl. 13:30.

Fundi framhaldið föstudaginn 4. desember kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:06.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir